

Reykjavík, 11. janúar 2019

### Efni: Umsögn um frumvarp til laga um þungunarrof - þingmál 393/149

Við undirritaðar fögnum því að frumvarp til laga um þungunarrof sé komið fram á Alþingi og þá sérstaklega því að til standi að afnema kröfu um að konur þarfnist leyfis til að binda endi á þungun. Þar er um mikið framfaraskref að ræða enda eru það grundvallarmannréttindi að ráða yfir líkama sínum og ákveða hvort og hvenær fólk ráðist í barneignir. Einnig teljum við jákvætt að í þessu frumvarpi er hugtakanotkun leiðrétt og fjallað um þungunarrof og hið gildishlaðna orð „fóstureyðing“ lagt til hliðar. Loks er jákvætt að fjallað er um þungunarrof sem sjálfsagða og eðlilega heilbrigðisþjónustu við konur, sem aðgengileg er þeim að kostnaðarlausu. Þá er mikilvæg réttarbót í því að stúlka sem er ólögráða sökum aldurs geti látið binda endi á meðgöngu án þess að þurfa að upplýsa foreldri eða forsjáraðila. Einna mikilvægast er að reglur um þungunarrof verða þær sömu fram að 22. viku, þ.e. að innan þessa ramma taki konur sjálfar ákvarðanir, en séu ekki háðar afstöðu annarra.

Þau lög sem nú eru í gildi markast af því að þau voru ekki sett með sjálfsákvörðunarrétt kvenna í huga. Í ítarlegri MA ritgerð Gunnhildar Sigurhansdóttur, sagn- og kynjafræðings, er því lýst hvernig frumvarp, sem skrifað var af Rauðsokkuhreyfingunni, var lagt til hliðar og nefnd skipuð þremur körlum falið að vinna nýtt frumvarp. Í frumvarpi Rauðsokka var gert ráð fyrir sjálfsákvörðunarrétti kvenna, en þegar það komst í umræðu í samfélaginu varð uppi fótur og fit og “hrópað hátt um líf og synd og glæp” eins og fram kemur í ritgerð Gunnhildar. Andstaðan sem frumvarpið mætti, dofnaði fljótt þegar gerð var krafa um að konur þyrftu leyfi hjá karlastétt, læknum, til að rjúfa þungun. Af þessu má álykta að andstaðan sé að vissu leyti við sjálfsákvörðunarrétt kvenna, frekar en við þungunarrof sem slíkt. Mikilvægt er að þingið gæti þess í meðferð frumvarpsins að sambærileg sjónarmið verði ekki ráðandi nú.

Núgildandi lög eru því takmarkandi, þar sem þau heimila konum ekki að taka sjálfar ákvarðanir um eigin líf og líkama. Engu að síður próaðist framkvæmd þeirra fljótlega í þá átt að túlka þau konum í vil. Heilbrigðisstarfsfólk hefur því lagt sig fram við að mæta konum á þeirra forsendum. Lagabókstafurinn er þó skýr; kona þarf að sækja um heimild til að binda endi á þungun. Í niðurstöðum rannsóknar okkar, sem birtust í bókinni *Rof: Frásagnir kvenna af fóstureyðingum* kemur skýrt fram að þetta er konum íþyngjandi og er það sem hvað helst stuðlar að langvarandi skömm, samviskubiti og jafnvel eftirsjá, sem annars fer lítið fyrir meðal kvenna sem rjúfa þungun, þótt því heyrst oft fleygt í almennum umræðum.

Engar rannsóknir benda til þess að konur iðrist þess til lengri tíma að binda endi á þungun. Þvert á móti lýsa konur, í okkar rannsókn á Íslandi og í sambærilegum rannsóknum erlendis, létti og fullvissu um að hafa tekið rétta ákvörðun. Undantekningin frá því er ef þær upplifa missi á sjálfsákvörðunarrétti eða þvingun, hvort heldur er af hendi maka, fjölskyldu eða heilbrigðisstarfsfólks. Í þeim löndum sem heimildir eru rýmri en í núgildandi lögum hér á landi eru heldur ekki vísbendingar um að konum líði öðruvísi með ákvörðun sína.

Í almennri umræðu er því oft fleygt að konur hljóti að geta tekið ákvörðun um þungunarrof innan núgildandi tímaramma og það sé engin kona þunguð fram yfir 13. viku án þess að vita það. Raunin er hins vegar önnur, eins og Sigurlaug Benediktsdóttir, fæðingarlæknir á Landspítalanum, rekur í grein í Fréttablaðinu 2. nóvember sl. Ýmis atvik geta að auki komið upp á öðrum þriðjungi meðgöngu sem gera það að verkum að kona telji rétt að binda endi á þungun. Takmarkanir á borð við að það megi eingöngu

ef líf konu er í hættu eða fóstrið ólífvænlegt geta þá unnið gegn markmiðum sínum. Það þarf ekki að leita langt að dæmum þar sem læknar hika við að setja fram það mat að líf konu sé í raun í hættu, eins og mál Savitu Halappavaran á Írlandi ber vitni. Því teljum við það fagnaðarefni að það sé konum í sjálfsvald sett að binda endi á þungun fram að lokum 22. viku.

Það að setja ákvörðun um þungunarrof í hendur konu fram að lokum 22. viku meðgöngu er í samræmi við tillögur nefndar um endurskoðun á núverandi lögum og mat kvennasviðs Landspítalans. Þar sem rýmri tímamörk eru við lýði sýnir reynslan að mjög fáar aðgerðir fara fram eftir 20. viku. Í greinargerð með frumvarpinu er vísað til Kanada og segir að “þrátt fyrir víðtækar heimildir til þungunarrofs þá eru yfir 90% allra þungunarrofa framkvæmd fyrir lok 12. viku og aðeins 0,3% eftir lok 20. viku”. Samkvæmt upplýsingum frá Guttmacherstofnuninni í Bandaríkjunum fara 1,3% þungunarrofa þar í landi fram eftir 21. viku. Þar er einnig viðurkennt að vegna takmarkaðs aðgangs og kostnaðar tefjist aðgerðir oft von úr viti. Engin ástæða er til að ætla að á Íslandi yrði raunin önnur en að þungunarrof eftir þessi tímamörk yrðu mjög fátíð, eins og reynslan hefur verið fram til þessa.

Það er augljóst af efni frumvarpsins og greinargerð að ætlunin er að leiðrétta það að í gildandi lögum er heimild til að rjúfa þungun vegna fötlunar fósturs. Við fögnum því að í frumvarpinu eru tekin út ákvæði um að heimila þungunarrof á grundvelli fötlunar í samræmi við sáttmála SP um réttindi fatlaðs fólks.

Árlega nýta um þúsund konur héraendis sér þessa löglegu, öruggu og mikilvægu þjónustu. Meginbreytingin sem felst í frumvarpi þessu er að konur munu upplifa að þær sjálfar geti tekið ákvarðanir um framtíð sína, á eigin forsendum. Á tímum þar sem bakslag gegn kvenfrelsi og takmarkanir á frjósemisréttindum kvenna hafa gert vart við sig víða um heim, er það mikils virði að Ísland taki þetta löngu tímabæra skref í átt að kvenfrelsi.

Virðingarfyllst,

Silja Bára Ómarsdóttir, kt. 230471-5179, alþjóðastjórnsmálafræðingur  
Steinunn Rögnvaldsdóttir, 090886-3639, kynjafræðingur

Tilvísanir:

Gunnhildur Sigurhansdóttir: „Þá er hrópað hátt um líf og synd og glæp.“ Um rauðsokkur, frjálsar fóstureyðingar og andstöðu“ <https://skemman.is/handle/1946/17010>

Guttmacherstofnunin: <https://www.guttmacher.org/>

O’Carrol, Sinead: „Savita Halappanavar: Her tragic death and how she became part of Ireland’s abortion debate.“ <https://www.thejournal.ie/eighth-amendment-4-3977441-Apr2018/>

Sigurlaug Benediktsdóttir: „Opið bréf til Ingu Sæland“ <http://www.visir.is/g/2018181109776>

Silja Bára Ómarsdóttir og Steinunn Rögnvaldsdóttir: *Rof: Frásagnir kvenna af fóstureyðingum* (eintak sent öllum þingflokki í desember)